

30. nóvember 2021



Frumvarp til fjárlaga 2022 og fjármálastefna 2022-2026

Við brugðumst við faraldrinum með víðtækum aðgerðum til varnar heimilum og fyrirtækjum



Varnir

Aðgerðir til að koma í veg fyrir að fjöldi fólks missti vinnuna og fjöldi fyrirtækja færi í þrot



Vernd

Stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur vegna erfiðra aðstæðna



Viðspyrna

Aðgerðir til að leggja grunn að nýju og öfluggu hagvaxtarskeiði þegar faraldurinn hjaðnaði


Atvinnuleysi nú svipað og fyrir faraldurinn



20.000
fleiri störf en í
upphafi árs

Atvinnuleysi 2021

12,2%



- Atvinnuleysi (% af vinnuafli, árstíðaleiðrétt)
- þ.a. atvinnuleysi á hlutabótum


Efnahagsaðgerðir skiluðu ótvíræðum árangri

Stuðningur vegna COVID-19 nemur 50 milljörðum króna 2022 og alls 260 ma. kr. 2020-22.




260

**milljarða króna stuðningur
við hagkerfið vegna COVID-19
2020-2022**




Ríkisfjármálin drógu úr niðursveiflunni
Verg landsframleiðsla, 2019 = 100



Bjartar horfur í efnahagsmálum

Efnahagsaðgerðir og hjöðnun heimsfaraldursins leiða til meiri hagvaxtar en búist var við fyrir ári síðan.




Mikill þróttur í hagkerfinu

Efnahagsbatinn í ár hefur verið hraður. Kortavelta er nú 10% meiri en fyrir faraldurinn.

Umsvif í verslun og þjónustu eru nú umtalsvert meiri en fyrir faraldurinn

Greiðslukortavelta, raunvöxtur frá sama árstíma 2019




Mun meiri þróttur í hagkerfinu en búist var við

Bjartsýn sviðsmynd gekk eftir

Landsframleiðsla jafnvel meiri en í bjartsýnni sviðsmynd úr fjármálaáætlun 2021-2025 sem var kynnt fyrir ári.

Landsframleiðsla nú talin meiri en í bjartsýnni sviðsmynd frá því í fyrra


Verg landsframleiðsla, 2019 = 100





Kraftmikill hagvöxtur framundan

Gert ráð fyrir 5,3% hagvexti 2022. Hagkerfið stækkar um alls 20% árin 2021-2026.




Mikil umsvif í flestum atvinnugreinum

Víða er velta orðin mun meiri en fyrir faraldurinn, þar á meðal í verslun og veitingum.


Velta orðin meiri en 2019 í flestum greinum verslunar og þjónustu

Greiðslukortavelta á raunvirði í október 2021, breyting frá október 2019



Ferðapjónusta nálgast fyrri styrk


Kortavelta ferðamanna er orðin um 80% af því sem hún var árið 2019.



Kaupmáttur allra tekjuhópa hefur aukist

Kaupmáttur allra tekjutíunda á virkum vinnualdri hækkaði 2020


Kaupmáttur heildartekna 2020, breyting tíundamarka frá fyrra ári, 25-64 ára





Kaupmáttur aldrei meiri og eykst áfram


Kaupmáttur launa hefur aukist hratt og gert ráð fyrir enn frekari vexti.



Ná þarf tókum á verðbólgunni


Gert er ráð fyrir því að verðbólga lækki í átt að 2,5% markmiði á næsta ári samkvæmt spá Hagstofunnar.

Verðbólga hefur verið hærri en í samanburðarríkjum
Meðalverðbólga undanfarna 12 mánuði



Til mikils að vinna að viðhalda lágum vöxtum

Krefst ábyrgrar hagstjórnar og samtakamáttar milli stjórnvalda og vinnumarkaðar.




Miklar launahækkningar undanfarin ár

Launahækkningar hafa verið umtalsvert umfram vöxt framleiðni. Hlutfall launa af landsframleiðslu hefur því aukist mest á Íslandi meðal OECD-ríkja.


Laun á Íslandi hafa hækkað verulega umfram framleiðni

Breyting í hlutfalli launakostnaðar af VLF 2015-2019 meðal OECD-ríkja



Hlutdeild launa í landsframleiðslu er óvíða meiri

Hlutfall launakostnaðar af VLF 2019





Nú skiptir samspil hagstjórnar miklu máli

Opinber fjármál

Draga úr stuðningi við hagkerfið í ljósi mikils efnahagsbata. Halli enn verulegur en minnkar ár frá ári.

Seðlabanki Íslands

Nota stjórnþæki peningastefnu til þess að halda verðbólgu sem næst verðbólgumarkmiði.

Aðilar vinnumarkaðar

Tryggja að launahækkarnir séu í samræmi við efnahagslegan stöðugleika.


Verði slaki fjármálastefnunnar meiri en stefnt er að getur taumhald peningastefnunnar þurft að vera þéttara vegna aukins verðbólguþrýstings. Vextir verða þá hærrí en ella.



Verulegur afkomubati

Árangur í baráttunni við faraldurinn gefur færi á að draga úr efnahagslegum stuðningsaðgerðum. Alls batnar afkoma ríkissjóðs um 119 milljarða króna milli ára.


Afkomubati ríkissjóðs milli 2021 og 2022





Heildartekjur áætlaðar 66 ma.kr. hærri en áður

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2022 frá fjármálaáætlun.




*Leiðrétt fyrir breytttri aðferðafræði. VSK-endurgreiðslur til opinberra aðila færðust sem tekjulækkun í fjármálaáætlun en færast nú sem gjöld.



Enn frekari lækkun á tekjuskatti einstaklinga

- Lokaáfangi vinnu sem hófst árið 2019 og lækkar tekjuskatt einstaklinga um alls **23 milljarða króna** árlega.
- Tekjuskattslækkunin 2022 nemur **2,3 ma. kr.**
- Skattleysis- og þrepamörk þróast í takt við vísitölu neysluverðs að viðbættu mati á langtímaframleiðni.
- Persónuafsláttur hækkar því meira milli ára en áður.
- Miðað verður við 1% langtímaframleiðni sem verður endurskoðuð á 5 ára fresti.
- Til þess fallið að koma frekari böndum á raunskattskrið.





Skattkerfi styður öfluga viðspyrnu

Auknir hvatar til fjárfestinga fyrirtækja

Auknar fyrningarheimildir fyrirtækja til að ýta undir fjárfestingar, sér í lagi grænum eignum

Umhverfi almannaheillafélaga styrkt

Skattalegir hvatar til að auka stuðning við almannaheillafélög og styrkja starfsemi þeirra


Gistináttaskattur felldur niður út árið 2023

Gistináttaskattur ekki lagður á árin 2022 og 2023



Skatttekjur og tryggingagjöld áætluð 859 ma.kr.

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2022






Í hvað fara skattarnir?

Útgjöld ríkissjóðs á íbúa 2022


Krónur






Raunaukning rammasettra útgjalda 220 milljarðar króna frá 2017

Í krónum talið hefur mest aukning verið í framlögum til heilbrigðismála.



Fjárfesting yfir meðaltali síðustu ára

Með fjárfestingarátaki ríkisstjórnar og samgöngusáttmála hafa fjárfestingar stóraukist



Dæmi um fjárfestingar 2022



Nýr Landspítali – 14 ma.kr.



Samgöngumannvirki
– 31,5 ma.kr.




Stafrænt Ísland
– 1,5 ma.kr.



Hjúkrunarheimili –
5,2 ma.kr.

Stöðug aukning til heilbrigðismála

Meira en 30% hækkun að raunvirði milli árunna 2017-2022



16 ma.kr. raunaukning árið 2022

- 4,6 ma.kr. til Sjúkratrygginga
- 2,6 ma.kr. til Landspítala vegna heimsfaraldurs
 - Hágæslustæði í Fossvogi og á Hringbraut
 - 30 ný endurhæfingarrými á Landakoti
 - Ný farsóttardeild í Fossvogi
- 1,4 ma.kr verður varið til kaupa á bóluefnum

1,4 ma.kr. í fjárukalögum 2021

- Til hjúkrunarheimila, heilsugæslunnar o.fl.



Kjör lífeyrisþega bætt

Viðbótarhækkun til örorkulífeyrisþega

- **Afkoma örorkulífeyrisþega** verður áfram **bætt**, örorkulífeyriskerfið verður einfaldað og dregið verður úr tekjutengingum.
- **800 m.kr.** verður varið til að hækka bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega um **1% til viðbótar** við almennar prósentuhækkanir almannatrygginga í fjárlögum 2022.
- Bætur örorkulífeyrisþega hækka því alls um **5,6%** frá fjárlögum ársins 2021.

Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega tvöfaldað

- Almannatryggingakerfi eldri borgara verður endurmetið og horft verður til þess að **draga úr jaðaráhrifum** tekjutenginga og tekjuskatts.
- **540 m.kr.** verður varið í að **tvöfalda** frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega fer úr **100 þús.kr. í 200 þús.kr.** á mánuði um næstu áramót.




Barnabætur hækka


Fjárhæðir barnabóta hækka ásamt neðri og efri skerðingamörkum tekjustofns barnabóta. Alls verða 14 ma.kr. greiddir í barnabætur 2022.

Dæmi um barnabætur

Barnabætur með tveimur börnum, öðru yngra en 7 ára




Stóraukin framlög til loftslagsmála



- Framlög til loftslagsmála hafa tvöfaldast frá 2017 til 2022.
- Í fjárlagafrumvarpi 2022 nema framlögin yfir 13 ma.kr. Þar af eru **skattahvatar til orkuskipta í samgöngum yfir 6 ma.kr.** og **landgræðsla, skógrækt og garðyrkja yfir 4 ma.kr.**
- Í fjármálaáætlun 22-26 var bætt við **1 ma.kr. á ári í 10 ár**, þar af 550 m.kr. í aukinn stuðning við orkuskipti.
- Auk þess má nefna að **stafvæðing opinberrar þjónustu** með því að efla Stafrænt Ísland er mikilvægt loftslagsmál og búsetumál.

Betur stutt við nýsköpun og háskóla

23 ma.kr. meiri framlög til nýsköpunar og háskóla árið 2022 en 2017






Útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækka um 13 ma.kr.

Hvert prósentustig atvinnuleysis kostar ríkissjóð um 7 milljarða króna.

m.kr. á verðlagi 2021 m.v. VNV




Ný stefna um opinber fjármál 2022-2026

Stefnt að hægfaða aðlögun í ríkisfjármálum og samhæfðri hagstjórn á grundvelli efnahagsbata. Fjármálastefna setur lágmark fyrir afkomu og hámark fyrir skuldir.


Óvissubilið gerir fjármála-
stefnunni kleift að bregðast við verri
hagþróun án endurskoðunar.
Staðan endurmetin við gerð fjármála-
áætlunar.

Stefna um afkomuþróun hins opinbera¹
prósentustig af VLF



¹ A-1 hluta hins opinbera þ.e. A1-hluti ríkissjóðs og A-hluti sveitarfélaga.

Stefna um skuldaþróun hins opinbera²
prósentustig af VLF




² Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. A-1 hluta hins opinbera þ.e. A1-hluti ríkissjóðs og A-hluti sveitarfélaga.

Stórbættar skuldahorfur

Markmiði um að fresta stöðvun skuldahlutfalls frestað frá 2025 til 2026.
Skuldahlutfall ríkissjóðs verður um fimmtungi lægra en búist var við í vor.

Skuldir ríkissjóðs skv. fjármálareglu, % af VLF



300 milljörðum króna lægri skuldir í lok tímabils fjármálastefnu en áður var búist við

Í fyrsta skipti lagt mat á áhrif fjárlagatillagna á jafnrétti kynjanna



- Áhrif fjárhagsráðstafana á jafnrétti eru í fyrsta skipti orðin **hluti af ákvarðanatöku við fjárlagagerð** og mynda grunn að **heildstæðu mati** á áhrifum fjárlagafrumvarps á jafnrétti kynjanna.
- Áhrif **mikils meirihluta** ráðstafana í frumvarpinu á jafnrétti metin. Stærsti hluti talinn **stuðla að jafnrétti kynjanna** en stór hluti er talinn viðhalda óbreyttu ástandi. Lítil hluti ráðstafana er talinn líklegur til að auka kynjabil.





Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið